

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Acetylcystein Mylan 200 mg freyðitöflur acetýlcystein

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Acetylcystein Mylan og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Acetylcystein Mylan
3. Hvernig nota á Acetylcystein Mylan
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Acetylcystein Mylan
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Acetylcystein Mylan og við hverju það er notað

Acetylcystein Mylan leysir upp seigt slím þannig að það verður þynnra og því auðveldara að hósta því upp. Acetýlcystein er notað við langvinnnum öndunarfarakvillum sem fylgir seigt slím (langvinn berkjubólga).

Acetýlcystein sem er í Acetylcystein Mylan gæti einnig verið ætlað til að meðhöndla aðra sjúkdóma sem ekki eru nefndir í þessum fylgiseðli. Spyrjið lækninn, lyfjafræðing eða annað heilbrigðis- eða sjúkrahússtarfsfólk ef þið þarfnist frekari upplýsinga og fylgið ávallt leiðbeiningum þess.

2. Áður en byrjað er að nota Acetylcystein Mylan

Ekki má nota Acetylcystein Mylan

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir acetýlcysteini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Láttu lækninn vita ef þú ert með astma og/eða hefur fengið krampa í öndunarveg, áður en þú byrjar að nota Acetylcystein Mylan.

Notkun annarra lyfja samhliða Acetylcystein Mylan

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Takmörkuð reynsla er af notkun á meðgöngu. Leitið ráða hjá læknum áður en Acetylcystein Mylan er tekið á meðgöngu.

Ekki er vitað hvort acetýlcystein berst yfir í brjóstamjólk. Leitið ráða hjá læknum áður en Acetylcystein Mylan er tekið samhliða brjóstgjöf.

Akstur og notkun véla

Acetylcystein Mylan hefur hvorki áhrif á hæfni til aksturs né stjórnunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Acetylcystein Mylan inniheldur laktósa, sorbitól og natríum

Acetylcystein Mylan inniheldur laktósa og sorbitól. Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er notað.

Lyfið inniheldur 25 mg af sorbitóli í hverri freyðitöflu.

Lyfið inniheldur 99,3 mg af natríum (aðalefnið í matarsalti) í hverri freyðitöflu. Þetta jafngildir 5% af ráðlögðum hámarksdagsskammti af natríum fyrir fullorðna.

3. Hvernig nota á Acetylcystein Mylan

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er 1 freyðitafla 2-3 sinnum á sólarhring.

Freyðitöfluna skal leysa upp í ½-1 glasi af vatni.

Ef stærri skammtur af Acetylcystein Mylan en mælt er fyrir um er tekinn

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222) til að láta meta áhættuna og fá ráðleggingar.

Ef gleymist að taka Acetylcystein Mylan

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Acetylcystein Mylan valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hættu að taka Acetylcystein Mylan og hafðu strax samband við lækni ef þú færð eitthvert eftirtalinna einkenna (ofsabjúg):

- þrota í andliti, tungu eða koki
- kyngingarörðugleika
- ofsakláða, útbrot og öndunarörðugleika.

Algengar (koma fyrir hjá meira en 1 af hverjum 100 notendum): Ógleði, niðurgangur.

Sjaldgæfar (koma fyrir hjá innan við 1 af hverjum 100 notendum): Kviðverkir, krampi í öndunarvegi.

Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá innan við 1 af hverjum 1.000 notendum): Ofnæmisproti (ofsabjúgur), útbrot á húð, kláði, ofsakláði.

Hafið samband við lækni eða lyfjafræðing ef aukaverkanir versna eða ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint

til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Acetylcystein Mylan

Lokið hólknunum vel. Viðkvæmt fyrir raka.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota Acetylcystein Mylan eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir „Exp“. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Acetylcystein Mylan inniheldur

- Virka innihaldsefnið er acetýlcystein. Hver Acetylcystein Mylan freyðitafla inniheldur 200 mg af acetýlcysteini.
- Önnur innihaldsefni eru vatnsfrír laktósi, vatnsfrí sítrónusýra, natríumhýdrógenkarbónat, vatnsfrítt natríumkarbónat, mannítól, natríumsítrat, sítrónubragðefni (sorbitól, mannítól, glúkónólaktón, maltódestrín, vatnsfrí kísiltvíoxíðkvoða, sítrónuolía), natríumcýklamat, sakkarínnatríum.

Útlit Acetylcystein Mylan og pakkningastærðir

Freyðitöflurnar eru flatar, kringlóttar og hvítar með 18 mm þvermál.

Pakkningastærðir:

25, 100 (4x25), 300 (3x4x25) og 300 (12x25) freyðitöflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Mylan AB
Box 23033
104 35 Stokkhólmur
Svíþjóð

Framleiðandi

HERMES PHARMA GmbH
Hans-Urmiller-Ring 52
82515 Wolfratshausen
Þýskaland

Umboðsmaður

Icepharma hf
Lyngháls 13
110 Reykjavík

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í júlí 2021.